

Nr. 072 / 16 Þinganes ÁR 25**Vélavana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2040
IMO 8812033
Smíðaður: Portúgal 1991, stál
Útgerð. SP ÞorláksHöfn ehf.
Stærð: 161,6 brl. 262 bt.
Mesta lengd: 25,96 m Skráð lengd: 25,14 m
Breidd: 7,9 m Dýpt: 6,2 m
Vél: Deutz 735 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 9



Þinganes©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júlí 2016 var Þinganes ÁR 25 á togveiðum á Eldeyjarbanka. Veður: NNA 9 m/s.

Á veiðunum varð skipið vélavana og var Skinney SF 20 fengin til að draga það til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom fram:

- að véldrifin fæðiolúdæla aðalvélar bilaði og engin varadæla um borð;
- að krafa er gerð af flokkunarfélagi um að vara fæðiolúdæla sé um borð en hún hafði verið fjarlægð úr skipinu nokkrum árum áður.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur aðila til að fara eftir reglum um mikilvægan varabúnað til að tryggja sem best öryggi skips og áhafnar.